

„Skil reglugjörðina þannig að aðeins þurfi að skrifa á áfengiseyðublöð vina medicata og spiritus óblandaðan og vatnsblandaðan en eigi blandaðan með öðrum medicinskun efnum í hvaða hlutfalli sem er. Er það rjett?“

Með svarskeyti 19. s. m. svarar landlæknir fyrirspurninni þannig:

„Skilningur yðar er í samræmi við fyrri málsgrein þriðju greinar í reglugjörð 7. ágúst 1922, um sölu áfengis til lækninga svo og fimtu greinar sömu reglugjörðar“.

Í svarskeytinu skirskotar landlæknir til reglugjörðar 7. ágúst 1922, er þá gildi, en þar eð núgildandi reglugjörð er í öllu er máli skiftir samhljóða eldri reglugjörðinni ætti svar landlæknis að hafa sama gildi samkvæmt gildandi reglugjörð.

Að vísu er það einvörðungu á valdi dómstólanna að lögskýra reglugjörð nr. 59, 1925, en með tilliti til þess, að landlæknir er yfirmaður kærðs, og í upphafi reglugjörðarinnar segir, að hún sje samin með ráði landlæknis, þykir framangreindur verknaður kærðs eigi vera refsiverður.

Það ber því að sýkna kærðan af kærnu valdstjórnarinnar í máli þessu. Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður eiga að greiðast af almannaþje.

Það vottast að enginn óþarfa dráttur hefir orðið í máli þessu.

Miðvikudaginn 28. sept. 1927.

Nr. 36/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)  
gegn

**Gunnari Juul** (Björn P. Kalman).

Áfengi afgreitt í lyfjabúð gegn ólögmetum lyfseðlum.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 18. febr. 1927:  
Gunnar Juul lyfsali á að vera sýkn af kærnum valdstjórnarinnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannaþje.

### Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst í máli þessu og viðurkent af kærða, að afgreiddir hafa verið í lyfjabúð hans á

Ísafirði, að því er ætla má, með vitund hans og vilja, nokkrir lyfseðlar hljóðandi um 210 gr. af spiritus concentratus, 2 dropa af ætherol. carvi og 370 gr. aqua destillata, án þess að lyfseðlar þessir væru ritadír á hin sjerstöku tölusettu eyðublöð, er ræðir um í 5. gr. regugjörðar um sölu áfengis til lækninga 1. júlí 1925. Heldur kærði því fram, að hann hafi skilið 3. gr. nefndrar reglugjörðar svo, að ekki væri skylt að nota þessi sjerstöku eyðublöð undir aðra lyfseðla en um vín, konjak og vínanda óblandaðan eða blandaðan vatni einu, og til frekari fullvissu hafi hann borið þetta undir landlækni, og hafi hann látið í ljósi að þessi skilningur væri í samræmi við ákvæði 3. og 5. gr. reglugjörðarinnar.

En þetta er ekki rjettur skilningur á ákvæðum nefndrar reglugjörðar, með því að vínandi blandaður vatni verður ekki talinn mengaður í þeirri merkingu, er orð þetta hefir í 3. gr. reglugjörðarinnar, þótt blandaður sje fáum dropum af kúmenolíu (Ætherol. carvi). Þannig lagaðir lyfseðlar áttu því samkvæmt 5. gr. reglugjörðarinnar að ritast á hin sjerstöku tölusettu eyðublöð og voru þannig ekki samkvæmir reglum þeim, er segir í 2. málsgrein 9. gr. í lögum nr. 15, 8. júní 1925 sbr. 3. og 5. gr. nefndrar reglugjörðar.

Kærði hefir því gjörst brotlegur gegn 6. málsg. 14. gr. nefndra laga og þar sem ekki er heimild til þess að undanþiggja hann refsingu fyrir brot þetta, þótt álíta mætti að hann hafi verið í góðri trú að þessu leyti, ákveðst refsingin 200 kr. sekt í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún fæst eigi greidd áður en mánuður er liðinn frá birtingu dóms þessa.

Gegn eindreginni neitun kærða verður það hins-

vegar eigi talið sannað, að honum hafi verið kunnugt um að áfengislyf hafi verið látin úti úr lyfjabúðinni án fyrirsagnar um notkunina og án forskriftar um innihald lyfsins, og verður kærði þegar af þessari ástæðu ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þetta kærutriði.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. til hvors.

Þvi dæmist rjett vera:

Kærði Gunnar Juul lyfsali á Ísafirði greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún eigi fæst greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjerði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálfutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Björns P. Kalman, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn kærðum Gunnari Juul lyfsala á Ísafirði, fyrir brot á lögum nr. 15, 1925, um aðflutningsbann á áfengi og reglugjörð nr. 59, 1925, um sölu áfengis til lækninga, til refsingar og málskostnaðargreiðsla.

Tildrög máls þessa eru þau, að lögregluþjónn bæjarins kærði fyrir dómáranum með brjefi dags. 19. ágúst f. á., að sá orðrómur

ljeki á að tveir nafngreindir læknar hjer í bænum skrifuðu áfengislyfseðla á ólögleg eyðublöð og seldu mönnum, en lyfjabúðin hjer ljeti áfengi úti gegn seðlum þessum. Um sönnur á þessu kveðst lögregluþjónninn eigi vita, en honum þyki það hinsvegar grunsamlegt að menn er hann veit að eru drykkfeldir vengu komur sínar í lyfjabúðina og væru að drukkari eftir en áður.

Erindi þessu fylgdi skýrsla eða kæra undirskrifuð sama dag af Jóni nokkrum Björnssyni málaranema hjer í bænum.

Kveðst tjeður Jón Björnsson sama dag hafa farið til Halldórs G. Stefánssonar læknis hjer í bænum og fengið hjá honum lyfseðil á brennivín, er ritaður var á ótölusett eyðublað en með stimpli læknisins. Fór svo tafarlaust á lyfjabúðina með lyfseðilinn og var honum afhent út á hann orðalaust af útlendri stúlku þriggjaflasku með tærum vökva upp í axlir. Flaskan hafi verið miðalaus og ómerkt og hann greitt fyrir hana 6 kr. eins og upp var sett. Kveðst og áður hafa fengið hjá sama lækni samskonar lyfseðil, hafi tafarlaust verið látið út á hann brennivín í lyfjabúðinni á 3ja pelaflösku, er hann minnir að væri miðalaus og ómerkt.

Er það sannað í máli þessu að lyfseðill þessi hljóðaði á 210 gr. ómengaðan spiritus, 370 gr. aqua destilata og 2 dropar ætherol carvi, að taka eina matskeið fjórum sinnum á dag. Þá er það sannað í málinu að kærður hefir afgreitt 2 aðra lyfseðla frá sama lækni ritada á ótölusett eyðublöð, er hljóðuðu á samskonar áfengisblöndu, ennfremur 3 áfengislyfseðla ritada á ótölusett eyðublöð, frá Eiríki Kjerúlf lækni, er hljóðuðu á samskonar blöndu.

Eins og fyr greinir kveður ófannefadur Jón Björnsson að flaska sú, er hann fjeck afgreidda í lyfjabúð kærðs 19. ágúst f. á. hafi verið miðalaus og ómerkt og kveður sig minna að svo hafi og verið í fyrra skiftið. Þá hefir vitnið Hafliði Einarsson borið það fyrir rjetti, að hann hafi fengið afhentar á lyfjabúðinni hjer 5 flöskur líkrar áfengisblöndu eða stundum blandaðar bitter, er allar hafi verið ómerkta og miðalausar, eftir áfengisylf seðlum frá læknunum Eiríki Kjerúlf og Halldóri G. Stefánssyni og vitnið Jón Ísak Magnússon eina ómerkta flösku með líkri áfengisblöndu og að framan getur um, eftir lyfseðli frá Eiríki Kjerúlf lækni.

Kærður hefir ákveðið neitað því sem ósönnu í kæru lögregluþjónsins að menn fái áfengi í lyfjabúðinni á ólöglegan hátt. Kveðst einungis afgreida eða láta afhenda áfengi er blandað sje

medicinskum efnum öðrum en vatni, sem meðal, samkvæmt lyfseðli frá lækni.

Neitar því einnig að áfengisblanda sú, er lyfjabúðin hafi afgreidd samkvæmt ofangreindum lyfseðlum falli undir 3. gr. reglugjörðarinnar, enda fari hann í því eftir álitu landlæknis.

En um það er upplýst í málinu að með símskeyti 18. ágúst 1924 gerði lyfjabúðin hjer svofelda fyrirspurn til landlæknis:

„Skil reglugjörðina þannig að aðeins þurfi að skrifa á áfengiseyðublöd vina medicata og spiritus óblandaðan og vatnablandaðan en eigi blandaðan með öðrum medicinskum efnum í hvaða hlutfalli sem er. Er það rjett?“

Með svarskeyti 19. s. m. svarar landlæknir fyrirspurninni þannig:

„Skilningur yðar er í samræmi við fyrri málsgrein þriðju greinar í reglugjörd 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga svo og fimtu grein sömu reglugjörðar“.

Með þessu svari landlæknis til kærðs sem lyfsala verður að álíta að það sje í góðri trú, að kærður álitur að lyfseðlar á framangreinda áfengisblöndu þyftu eigi að vera ritadir á hin sjerstöku eyðublöd sbr. 5. gr. reglugjörðarinnar, enda verður að álíta að það sje á ábyrgð hlutadeigandi lækna, hvort þeir að þessu leyti fylgja gildandi reglum eða eigi sbr. 9. gr. bannlaganna, þar sem eigi er upplýst í málinu að samband hafi verið milli þeirra, er heimfæra megi undir 18. gr. nefndra laga.

Að því er þarnæst snertir spurninguna um það, hvort kærðum verði gefið það að sök, að hann hafi látið úti áfengislyf í ómerktum ílátum, þá verður það eigi talið sannað með framburðum fyrnefndra vitna að svo hafi verið, með því að vitnin hvort um sig eru ein til frásagnar um þau tilfelli er þau vitna um. Er það því eigi lögfull sönnun gegn mótmælum kærðs.

Enda þykir það orka tvímælis, hvort kærðum beri samkv. 3. málsg. 3. gr. reglugjörðarinnar að merkja önnur áfengisílát, en þau sem látin eru af hendi eftir áfengislyfseðli skrifudum á eyðublöd samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar.

Samkvæmt framanritudu litur rjetturinn svo á, að sýkna beri kærðan af kærðum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu, svo og að málskostnað beri að greiða af almannaþje.

Það vottast að enginn óþarfa dráttur hefir orðið á máli þessu.